

Mættir: Björn Sigurðsson formaður, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Elsa María Guðmundsdóttir, Leifur Guðni Grétarsson, Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliða, Emil Örn Harðarson móta og miðlunarstjóri, Júlía Þorvaldsdóttir varaformaður, Oddur Örnólfsson, Hilmar Örn Jónasson, Hörður Oddfríðarson ritari og Viktoría Gísladóttir gjaldkeri.
Ragnar Guðmundsson sem annast hefur mælingar fyrir afreksfólk SSI sat einnig fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Afboða, mæta ekki : Hrafnhildur Lúthersdóttir,

Fundur 25.02.2021 settur kl. 18.00. Fundurinn var haldin á Grand Hótel
Fundurinn er haldin á 70 ára afmælisdegi SSI

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

2. Mót og starfsemi

- a. RIG var haldið helgina 5-7 febrúar. Þrátt fyrir miklar hindranir og takmarkanir þá fór mótið vel fram og fór fram úr björtustu vonum hvað skipulag og árangur varðar. Í framhaldinu verður fundað með Ægisfólki.
- b. Gullmóti KR hefur verið frestað. Fjölismótið fer fram helgina 5-7. mars og og Ásvallamótið er 20. Mars.
- c. Mörg lið hafa tilkynnt um innanfélagsmóti til að halda sínu fólki í keppnisformi og til að vega upp á móti Gullmóti KR.
- d. Sundþing. Fundurinn ákvað að hafa sundþing **þriðjudaginn 1. Júní**. Gert er ráð fyrir að dagskrá byrji seinnipart dags og standi fram yfir kvöldmat. Formleg tilkynning verður send út á næstu dögum ásamt hefðbundnum gögnum. Allar breytingatillögur sem kunna að liggja fyrir þinginu verða ræddar og mótaðar á vinnufundum fyrir þingið þar sem allir frá aðgang og svigrúm til að koma með skoðanir og tillögur. Núverandi stjórn hyggst öll bjóða sig fram til endurkjörs.
- e. Samþykkt var reglugerðarbreyting á 5. grein í 9.kafli um Íslandsmót. Breytingin hljóðar eftirfarandi:

5. grein

Undanrásir og úrslit fara fram í 50m, 100m, 200m og 400m greinum og synda 6 eða 8 keppendur til úrslita sem bestum tíma ná í undanrásum en þó aldrei fleiri en tveir erlendir ríkisborgarar í hverri grein. Í ~~400m~~, 800m og 1500m greinum fara fram bein úrslit þannig að hraðasti riðill syndir í úrslitahluta en aðrir riðlar í undanrásahluta mótsins. Til þess að öðlast keppnisrétt í úrslitariðli í 50m, 100m, 200m og 400m greinum verða keppendur að ná amk lágmarkatíma greinarinnar í undanrásum.”

3. Afreksmál

- a. Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliða fór yfir æfingabúðir úrvalshópa sem haldin var 19 – 23. Febrúar. Æfingabúðirnar voru haldnar í Reykjavík á Grand Hótel og í Laugardalshöll. Það var mikið lagt í verkefnið og gerðar voru mælingar á sundmönnum, notaður var upptökubúnaður og haldnir voru fyrirlestrar. Sundmenn voru vel stemmdir og ætla ekki að láta óvissu síðasta árs trufla sig í markmiðum sínum.
- b. Tilkyntir hafa verið landsliðshópar eftir RIG en sundmenn hafa kost á að „synda“ sig inn á listann á næstu mótum fram að ÍM50.
- c. Eyleifur hefur verið í sambandi við þá sundmenn okkar, og þjálfara þeirra, sem staddir eru í útlöndum til að tryggja að við náum að fylgjast með framgangi þeirra.

4. Fundargerðir nefnda

- a. Engar fundargerðir lágu fyrir fundinum.

5. Félagaskipti

Nafn:	Fyrri félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Bergþóra Sól Hálfðánsdóttir	UMFA	UMF Selfoss	26.01.2021	24.02.2021

6. Aðsend bréf

Dags	Efni	Sendandi
a. 04.02.2021	Niðurstaða sáttarfundur	ASV
b. 04.02.2021	Minnisblað aðgerðir innanlands	ÍSÍ
c. 05.02.2021	Íþróttatæping 2021 fyrra boð	ÍSÍ
d. 05.02.2021	Skipting ríkisstyrks	ÍSÍ
e. 08.02.2021	Reglugerð frá HRN	ÍSÍ
f. 08.02.2021	Starfskýrsluskil 2021	ÍSÍ
g. 10.02.2021	EC Budapest	LEN
h. 10.02.2021	Útbreiðsla sundíþróttarinnar	AF
i. 14.02.2021	TSC meeting	LEN
j. 22.02.2021	Norðurlandameistarvika- samstarf	ÍSÍ

7. Önnur mál:

- a. Bókaður hefur verið fundur með SSÍ til að ræða málefni sem varða þjóðarleikvanga.
- b. Bókaður hefur verið fundur með Borgarsjtóra til að ræða fyrirhugaðar byggingarframkvæmdir borgarinnar á sundlaugum. Beðið er eftir staðfestingu á fundinum.
- c. Formaður tók árleg starfsmannaviðtöl við starfsmenn SSÍ um miðjan febrúar.
- d. Sagt var frá bréfi sem formaður ritaði til framkvæmdastjóra ÍSÍ þar sem komið var fram mótmælum við verklagi í tengslum við RIG frá hendi ÍSÍ og borgaryfirvalda.
- e. Nú fer mótahald vonandi af stað aftur með eðlilegum hætti. Í kjölfarið á því munum við gera meira úr afmælisári okkar sem hefst formlega á þessum afmælisdegi.

Fundi slitið kl. 19:15